



## G J A L D S K R Á

fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar  
Gildir frá 1.1.2019

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

### Um gjaldtöku tengdri stærð skipa.

#### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Skipagjöld.

#### 4. gr.

#### Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, **16 kr. á mælieiningu** skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

#### Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju **3,84 kr. á mælieiningu** fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, en reiknist hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, **104 kr. á mælieiningu**, en þó aldrei lægra en **11.322 kr. á mánuði**.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en **7.020 kr. á mánuði**.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði **10 EUR fyrir hvern byrjaðan sólarhring**.

### Vörugjöld.

#### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farnflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til hafnarinnar, vegna álagningar vörugjalda.

#### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til erlendrar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til innlendrar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt hálf vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.



**7. gr.**

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

Af vörum sem koma frá annari innlendri höfn og láttnar eru í land skal greiða hálf vörugjald. Fyrir vörur sem settar eru á skip og eiga (skv. farmskrá) að fara til erlendra hafnar er greitt fullt vörugjald þó varan hafi viðkomu á annarri höfn.

**8. gr.**

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir s.s. tómar síldartunnur o.fl. sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.
- e) Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum eða farangri ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

**9. gr.**

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

**10. gr.**

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

**1. fl.: Gjald 321 kr. fyrir hvert tonn:**

Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, súrál, ál, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

**2. fl.: Gjald 519 kr. fyrir hvert tonn:**

Lýsi og fiskimjöl.

**3. fl.: Gjald 617 kr. fyrir hvert tonn:**

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

**4. fl.: Gjald 1.354 kr. fyrir hvert tonn.**

Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1. - 3. fl.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.



**5. fl.: Gjald 1,29% af heildar aflaverðmæti.**

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

**Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast 0,70% af heildaraflaverðmæti skv. hafnalögum.**

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

**Leiga á gámasvæði - geymslusvæði.**

**11. gr.**

Leiga fyrir gámasvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði **40 kr. pr. m<sup>2</sup> á mán.**

Geymsla á malbikuðu svæði **160 kr. pr. m<sup>2</sup> á mán.**

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymslugjald 20 feta gám pr. mán. **4.160 kr.**

Geymslugjald 40 feta gám pr. mán. **8.320 kr.**

Geymslugjald fyrir nætur og troll á geymslusvæði er það sama og pr. 40 feta gám á mán.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan **4.200 kr. pr. sólarhring.**

Aðstaða v/ upptöku báta á hafnarkant. Frítt fyrstu vikuna síðan **8.015 kr. pr. viku.**

Ef notað er rafmagn er greitt fyrir það sérstaklega skv. gjaldskrá þessari.

Lágmarksgjald fyrir geymslu á geymslusvæði samsvarar gjaldi fyrir 20 feta gám.

**Móttaka úrgangs.**

**12. gr.**

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Fjarðabyggðarhafnir taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða **0,80 kr. á brt.** Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **kr. 5.816** og hámarksgjald **kr. 52.400.**
- Úrgangsgjald:** Gjald skv. lið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá **0,40 kr. á brt.** Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **kr. 5.816** og hámarksgjald **kr. 26.175.**
- Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á



- almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Fjarðabyggðar skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera **kr. 5.816 á mánuði**.
- e. **Förgunargjald:** Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. grein laga nr. 33 frá 2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land. Farþegaskip 60 metra og lengri skulu greiða **1,56 kr. á brt.** Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:
- Farþegaskip undir 30.000 brt: 3,5 m<sup>3</sup>  
Farþegaskip frá 30.000 brt. til 100.000 brt: 7 m<sup>3</sup>  
Farþegaskip yfir 100.000 brt: 10 m<sup>3</sup>  
Önnur skip skulu greiða **2,08 kr. á brt.** Gjaldið miðast við 3,5 m<sup>3</sup> af sorpi. Greiða skal samkvæmt g-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðveru í höfnum Fjarðabyggðarhafna skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er **kr. 41.000**.
- f. **Förgunargjald:** Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Fjarðabyggðar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g. Samkvæmt 11. grein Reglugerðar nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er **kr. 11.650 á hvern rúmmetra** og lágmarksgjald einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstöku úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

### Hafnsögugjöld.

#### 13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögn til hafna, að bólvirki eða lægi **4.552 kr.** fyrir hvert skip, auk **7,40 kr. fyrir hvert brúttótonn**. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögn um höfn skal greiða hálf gjald skv. a-lið.

Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi skv. ákvörðun hafnarstjórnar og hafnsögumaður fer ekki um borð, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.



### **Þjónusta dráttarbáts.**

#### **14. gr.**

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við brúttóstærð skips, og er fyrir skip minni en **20.000 BT 10,8 kr. á brúttótonn** og fyrir stærri skip en **20.000 BT 12,7 kr. á brúttótonn**. Lágmarksgjald á klst. er **49.000 kr.** og hámarksgjald á hvern bát á klst. er **318.500 kr.** Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis í eða úr höfn, er tekið hálf gjald þó aldrei lægra en **49.000 kr. á klst.**

Á siglingatíma til og frá stað utan hafnar er tekið hálf gjald fyrir bátinn.

Í biðtíma er tekið hálf gjald fyrir bátinn þó aldrei lægra en **49.000 kr. á klst.**

Við færslu innan hafnar er veittur 10% afsláttur.

Fluttur hafnsögumaður, **49.000 kr. á klst.** Lágmarkstími er 1. klst.

Aðrir flutningar: Lægsta tímagjald skv. gjaldskrá.

Aukamaður á hafnsögubáti utan hafnar **16.100 kr. á klst.**

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Önnur aðstoð er samkvæmt samningi hverju sinni.

### **Festargjöld.**

#### **15. gr.**

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu **11.500 kr.** Sé fleiri en einn maður notaður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann **11.500 kr.** Fyrir festargjöld utan dagvinnutíma er greitt **tvöfalt gjald og einnig tvöfalt gjald fyrir aukmann við afgreiðslu utan dagvinnutíma.**

### **Vatnssala.**

#### **16. gr.**

Vatnsgjöld:

Kalt vatn **275 kr/m<sup>3</sup>.**

Lágmarksgjald miðast við **15 tonn.**

Heimabátar pr. mán. **8.043 kr.**

Afgreiðsla utan dagvinnutíma **6.817 kr. pr. klst.** Lágmarksútkall 4 klst.

### **Vigtargjald.**

#### **17. gr.**

Almenn vigtun **178 kr. á tonn**

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun/löndun **1.600 kr.**

Vigtun dagvinna **4.321 kr pr. klst.**

Vigtun yfirvinna **6.817 kr pr. klst.**

### **Rafmagnssala.**

#### **18. gr.**

Selt rafmagn **18,91 kr/kwst.**

Rafmagn skútur og skemmtibátar **5 EUR** fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

Mælaleiga **5.276 kr. pr. ári.**

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald **6.817 kr. pr. klst.**



Lágmarksútkall 4 klst.

Fyrir tengingar beint inn á skinnur skal kaupandi bera kostnað af vinnu rafiðnaðarmanna við aftengingu og tengingu.

### **Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.**

#### **19. gr.**

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu **37.250 kr.**

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu **4.321 kr.**

Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu **6.817 kr.**

Farþegagjald **150 kr. pr. farþega.**

### **Byggingarréttargjald**

#### **20. gr.**

Fyrir rétt til byggingar mannvirkja á lóðum sem Hafnarsjóður hefur undirbúið til framkvæmda með landfyllingum skal greiða byggingarréttargjald. Byggingarréttargjald skal greitt af hverjum fermetra byggingarlóðar. Gjaldið skal að fullu greitt áður en lóðaleigusamningur um byggingarlóð er gerður. Byggingarréttargjald skal bundið byggingarvísitölu og er 5.756 kr/fermetra miðað við byggingarvísitölu 140,2 í október 2018.

### **Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

#### **21. gr.**

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

#### **22. gr.**

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr.326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

#### **23. gr.**

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalldaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalldaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.



**24. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. Hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

**25. gr.**

**Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.** Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3.tl. 3.gr. laga nr.50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

**Gildistaka.**

**26. gr.**

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar er samþykkt af hafnarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. nóvember 2018, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2019 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Fjarðabyggðar frá 1. ágúst 2018.

Fjarðabyggð 30. nóvember 2018

  
Karl Ottar Pétursson

Samþykkt í hafnarstjórn 12. nóvember 2018  
Samþykkt í bæjarráði 27. nóvember 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 29. nóvember 2018



